SKÓLI ÍSAKS JÓNSSONAR

Starfsáætlun ÍSAT og móttökuáætlun

Skólaárið 2026–2027

Starfsáætlun ÍSAT

Kennsla í íslensku sem öðru tungumáli er ætluð nemendum sem eru að ná tökum á íslensku og hafa ekki íslensku að móðurmáli. Markmið kennslunnar er að nemendur tileinki sér íslensku þannig að þeir geti stundað alhliða nám með jafnöldrum sínum og tekið virkan þátt í skólastarfi og samfélaginu (aðalnámskrá grunnskóla).

Ábyrgð og hlutverk

Íslenskunám nemenda með íslensku sem annað tungumál er sameiginlegt verkefni skólans og heimilanna. Skólastjóri tryggir skipulag kennslu og stuðnings og fagstjóri fjöltyngdra nemenda samhæfir ÍSAT-þjónustu skólans.

ÍSAT-kennarar annast markvissa kennslu í íslensku sem öðru tungumáli á grundvelli mats á stöðu nemenda, hæfniviðmiða aðalnámskrár og námsþarfa hvers og eins. Þeir gera náms- og kennsluáætlanir, velja viðfangsefni og kennsluaðferðir og meta og skrá framfarir. Kennslan er skipulögð í hópum eða með einstaklingsmiðuðum hætti eftir þörfum.

Umsjónarkennarar og faggreinakennarar styðja íslenskunám nemenda í sinni kennslu. Þeir aðlaga kennsluhætti, námsgögn og fyrirmæli að íslenskufærni nemenda, fyrri þekkingu og námsþörfum og vinna markvisst með orðaforða námsgreinanna. ÍSAT-kennarar og aðrir kennarar hafa reglulegt samráð um stöðu, framfarir og stuðning.

Allt starfsfólk styður íslenskunám með skýrum og fjölbreyttum samskiptum, útskýrir orð og hugtök og gefur nemendum tækifæri til að nota íslensku í daglegu starfi. Jafnframt er tungumálaforði nemenda nýttur til að styðja skilning, þátttöku og nám.

Þörf fyrir sérkennslu eða viðbótarstuðning vegna annarra námsþarfa er metin sérstaklega í samráði við viðeigandi fagfólk og forsjáraðila.

Fagstjórn

Fagstjóri fjöltyngdra nemenda er Hugrún Tanja Haraldsdóttir (hugrun@isaksskoli.is). Hugrún Tanja útskrifaðist sem grunnskólakennari vorið 2011. Hún lauk meistaranámi í sérkennslufræðum í febrúar 2023. Hún hefur starfað við skólann síðan haustið 2008, sem umsjónarkennari síðan haustið 2011 og sem sérkennari síðan haustið 2022. Hugrún Tanja tók við stöðu fagstjóra fjöltyngdra nemenda haustið 2023.

Skimanir og greiningarpróf

Hér að neðan er fjallað um skimanir og greiningarpróf sem notuð eru í starfi með ÍSAT-nemendum. Fagstjóri fjöltyngdra nemenda sér um fyrirlögn þeirra og hefur til þess tilskilin réttindi. Undantekning frá því er HLJÓM-2, sem kennarar með tilskilin réttindi leggja fyrir. Foreldrar eða forráðamenn ÍSAT-nemenda fá niðurstöðurnar sendar heim í lokuðu umslagi.

Milli mála II

Skimunin Milli mála II er lögð fyrir í byrjun hvers skólaárs. Hún er lögð fyrir alla nýja ÍSAT-nemendur í 1.–3. bekk og aftur í 4. bekk. Skimunin metur meðal annars orðaforða og tjáningu. Niðurstöðurnar eru meðal annars hafðar til hliðsjónar við mat á stuðningsþörf nemenda.

Íslenski málhljóðamælirinn

Með Íslenska málhljóðamælinum er unnt að skima og forprófa framburð íslenskra málhljóða og meta skiljanleika tals. Niðurstöðurnar eru hafðar til hliðsjónar í einstaklingstímum í framburðarþjálfun og málörvun. Nánar er fjallað um þá tíma í samnefndum kafla hér að neðan. Skimunin er lögð fyrir eftir þörfum.

Hljóðfærni

Hljóðfærni er staðlað greiningarpróf sem ætlað er að greina hljóðkerfisvanda hjá börnum í 1. bekk. Prófið er lagt fyrir eftir þörfum. Ef lestrarnám ÍSAT-nemanda gengur vel geta umsjónarkennari og fagstjóri fjöltyngdra nemenda metið það svo að ekki þurfi að leggja prófið fyrir nemandann. Niðurstöðurnar eru nýttar til að skipuleggja ÍSAT-kennslu og vinna markvisst með þá þætti þar sem veikleikar greinast.

HLJÓM-2

HLJÓM-2 er lagt fyrir alla 5 ára nemendur skólans. Skimunin metur hljóðkerfis- og málvitund barna og gefur vísbendingar um hættu á lestrarerfiðleikum þegar formlegt lestrarnám hefst. Niðurstöðurnar eru meðal annars notaðar til að ákvarða tímafjölda fyrir 5 ára nemendur. Í sumum tilvikum sækja 5 ára ÍSAT-nemendur því bæði ÍSAT-tíma og málörvunartíma sem byggjast á niðurstöðum úr HLJÓM-2.

Einstaklingstímar í framburðarþjálfun og málörvun

Skimað er fyrir framburðarfrávikum með Íslenska málhljóðamælinum. Að skimun lokinni er framburðarþjálfun skipulögð í lotum með hliðsjón af aldri nemenda og alvarleika frávika. Framburðarþjálfunin er í höndum fagstjóra fjöltyngdra nemenda. Nemendur sem þurfa á aukinni málörvun að halda eiga einnig kost á einstaklingstímum. Þörf fyrir aukna málörvun er meðal annars metin út frá orðaforða nemenda, færni þeirra til að tjá sig og fyrirliggjandi greiningum, til dæmis á málþroskaröskun (DLD).

Einstaklingstímarnir fara fram í lotum sem eru að meðaltali sex vikur að lengd. Tímafjöldi hvers nemanda er metinn út frá niðurstöðum mats, en flestir nemendur koma tvisvar í viku í um 15–20 mínútur í senn. Gerð er áætlun fyrir hvern nemanda. Heimaverkefni eru send heim eftir þörfum.

Skipulag kennslu

Nemendum er raðað í hópa eftir hæfnistigum og niðurstöðum skimana eftir því sem við verður komið. Ákvörðun um hvort nemandi sæki ÍSAT-tíma byggist á niðurstöðum skimana og samráði við umsjónarkennara og, í sumum tilvikum, foreldra. Ef ekki er hægt að raða nemendum í hópa eftir hæfnistigum eru verkefnin miðuð við getu hvers og eins innan hópsins. Miðað er við að börnin séu ekki fleiri en sex í hverjum hópi svo hægt sé að sinna hverju barni sem best. Undantekningar geta þó verið á því.

Skólaárið 2026–2027 fá ÍSAT-nemendur í 1.–4. bekk að lágmarki fimm kennslustundir í ÍSAT á viku. Meirihluti ÍSAT-nemenda skólans er á 1. og 2. hæfnistigi samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla. Nánar er fjallað um áherslur í hverjum árgangi hér að neðan. Byggt er á kennslu fyrri ára og erfiðleikastig námsefnis eykst frá 5 ára börnum til nemenda í 4. bekk, með hliðsjón af hæfnistigi nemenda.

Heimalestur

ÍSAT-nemendur eru almennt með sömu heimalestrarbækur og samnemendur þeirra. Það er þó metið í hverju tilviki fyrir sig. Ef talið er að nemandi ráði ekki við lesefnið fær hann annað lesefni við hæfi. Lagt er upp með að ÍSAT-nemendur lesi heima að minnsta kosti fimm sinnum í viku. Umsjónarkennarar hafa umsjón með heimalestri. Ef þörf þykir getur fagstjóri fjöltyngdra nemenda eða ÍSAT-kennari aðstoðað við val á lesefni. ÍSAT-nemendur lesa fyrir umsjónarkennara og/eða stuðningsfulltrúa á skólatíma.

Námsefni

Í ÍSAT-kennslu er notað fjölbreytt námsefni frá MMS, verkefni frá öðrum kennurum og af vefsíðum, til dæmis vefnum Fjölbreyttar kennsluaðferðir, og verkefni sem ÍSAT-kennarar útbúa. Námsefnið er valið út frá þörfum hvers hóps og getur því verið mismunandi milli hópa í sama árgangi og milli ára. Spil og leikir eru einnig notuð til að auka orðaforða og efla samskiptafærni nemenda.

Námsmat

Námsmat er leiðsagnarmat þar sem verkefni og próf eru lögð til grundvallar. Einnig eru formlegar skimanir hafðar til hliðsjónar við skipulag náms.

5 ára börn

Markmið og útfærsla náms ráðast ávallt af hæfnistigi hvers hóps.

Markmið	Námsgögn
• Auka orðaforða. • Þjálfa tjáningu. • Þjálfa hlustunarskilning. • Vinna með hljóðkerfisvitund.	Reynt er að hafa námsgögn fjölbreytt og þannig að þau höfði til nemenda. • *Orð eru ævintýri*. • *Leggðu við hlustir*. • *Markviss málörvun*. • *Tölum saman*. • Spil og leikir. • Vísur og söngtextar. • Aðgerðaráætlun í kjölfar HLJÓM-2. • *Orðasjóður*. • Ýmis smáforrit.

Hlustunarskilningur

Unnið er með hlustunarskilning á ýmsa vegu. ÍSAT-kennari les stuttar setningar eða sögur og spyr nemendur spurninga um efnið. Nemendur endurtaka orð og setningar, vísur og lög. Þeir fá einnig fyrirmæli, til dæmis: „Hengdu upp jakkann“ eða „Settu græna kubbinn efst á blaðið“.

Tjáningarfærni

Rík áhersla er lögð á tjáningu og þátttöku ÍSAT-nemenda í umræðum. Nemendur eru spurðir spurninga og hvattir til að taka þátt. Þeir fá tíma til að segja frá því sem þeim liggur á hjarta. Unnið er markvisst að því að auka orðaforða nemenda. ÍSAT-kennari leggur meðvitað orð á hluti og athafnir og endurtekur það sem nemendur segja eftir þörfum. Kennarinn gefur nemendum rétta málfyrirmynd með því að endurtaka það sem þeir segja með réttu orðalagi.

Hljóðkerfisvitund

Unnið er með hljóðkerfisvitund ÍSAT-nemenda út frá niðurstöðum úr HLJÓM-2. Vinnan fer að mestu fram í leik og í stuttum lotum. Nemendur í 5 ára bekk læra bókstafi og undirstöðuatriði lestrar hjá umsjónarkennara sínum. ÍSAT-kennarinn vinnur áfram með stafa- og hljóðaþekkingu í minni hópum.

Læsi

Lagður er grunnur að lestrarnámi ÍSAT-nemenda í 5 ára bekk með stafakennslu og hljóðatengingum. Ekki er markmið 5 ára bekkjar að börnin séu læs í lok vetrar, en mörg eru þá vel á veg komin. Nemendur æfa sig í að tengja hljóð saman og skrifa stutt orð. Erfiðleikastig verkefna í læsi og ritun fer eftir hæfnistigi hvers hóps.

1. bekkur

Markmið og útfærsla náms ráðast ávallt af hæfnistigi hvers hóps.

Markmið	Námsgögn
• Auka orðaforða. • Þjálfa tjáningu. • Þjálfa stafaþekkingu. • Þjálfa hlustunarskilning. • Vinna með hljóðkerfisvitund og umskráningu.	Reynt er að hafa námsgögn fjölbreytt og þannig að þau höfði til nemenda. • *Hljóðasmiðja Lubba*. • *Orðagull*. • *Leggðu við hlustir*. • *Markviss málörvun*. • *Tölum saman*. • *Orð eru ævintýri*. • Fyrirlestrar. • Ýmis hefti útbúin af ÍSAT-kennurum. • Spil og leikir. • Vísur og söngtextar. • *Orðasjóður*. • Ýmis smáforrit og krakkaleikir á vef MMS.

Skilningur í hlustun og lestri

Í 1. bekk er aðallega unnið með hlustunarskilning. Þegar líður á veturinn bætist vinna með lesskilning við eftir því sem lestrarfærni nemenda leyfir. Námsefni sem miðar sérstaklega að því að efla hlustunarskilning er til dæmis *Orðagull*, *Leggðu við hlustir* og *Markviss málörvun*.

Tjáning í töluðu og rituðu máli

Í 1. bekk er aðallega unnið með talað mál, samskipti og frásögn. Nemendur eru hvattir til að tjá sig og spurðir ýmissa spurninga í tengslum við námsefni hvers tíma. Fyrstu ritunarverkefnin tengjast skrift og stafdrætti. Þegar líður á veturinn fara nemendur að skrifa orð og stuttar setningar. Erfiðleikastig verkefna fer þó ávallt eftir getu hópsins. Kennarinn gefur nemendum rétta málfyrirmynd með því að endurtaka það sem þeir segja með réttu orðalagi.

2. bekkur

Markmið og útfærsla náms ráðast ávallt af hæfnistigi hvers hóps.

Markmið	Námsgögn
• Auka orðaforða. • Þjálfa tjáningu. • Þjálfa hlustunarskilning. • Þjálfa lesskilning. • Þjálfa ritun.	Reynt er að hafa námsgögn fjölbreytt og þannig að þau höfði til nemenda. • *Orðagull*. • *Leggðu við hlustir*. • *Markviss málörvun*. • *Tölum saman*. • Fyrirlestrar. • Ýmis hefti útbúin af ÍSAT-kennurum. • Spil og leikir. • Vísur og söngtextar. • *Orðasjóður*. • Ýmis smáforrit og krakkaleikir á vef MMS.

Skilningur í hlustun og lestri

Í 2. bekk er farið að leggja meiri áherslu á lesskilning. Áfram er þó unnið með hlustunarskilning. Nemendur lesa stutta texta og svara spurningum úr þeim.

Tjáning í töluðu og rituðu máli

Nemendur eru hvattir til að tjá sig í hverjum tíma. Það er til dæmis gert með því að spyrja þá spurninga úr námsefninu eða um líðan þeirra og lífið utan skólans. Einnig eru nýtt þau tækifæri sem skapast þegar nemendur eiga frumkvæði að umræðum. Í 2. bekk byrja nemendur að skrifa lengri setningar og lögð eru drög að kennslu í setningaruppbyggingu. Nemendur fá þjálfun í að skrifa stuttar sögur og skapa persónur. Kennarinn gefur þeim rétta málfyrirmynd með því að endurtaka það sem þeir segja með réttu orðalagi.

3. bekkur

Markmið og útfærsla náms ráðast ávallt af hæfnistigi hvers hóps.

Markmið	Námsgögn
• Auka orðaforða. • Þjálfa tjáningu. • Þjálfa hlustunarskilning. • Þjálfa lesskilning. • Þjálfa ritun. • Auka málvitund. • Vinna með málfræði og stafsetningu.	Reynt er að hafa námsgögn fjölbreytt og þannig að þau höfði til nemenda. • Fyrirlestrar. • Ýmis hefti útbúin af ÍSAT-kennurum. • Spil og leikir. • Vísur og söngtextar. • Ýmis smáforrit og krakkaleikir á vef MMS.

Skilningur í hlustun og lestri

Ríkari áhersla er lögð á lesskilning í 3. bekk en fyrri ár. Nemendur lesa lengri og flóknari texta og svara spurningum. Leitast er við að höfða til áhugasviða nemenda í textagerð eftir því sem við verður komið.

Tjáning í töluðu og rituðu máli

Áfram er lögð mikil áhersla á tjáningu með umræðum og spurningum. Kennarinn gefur nemendum rétta málfyrirmynd með því að endurtaka það sem þeir segja með réttu orðalagi. Meiri áhersla er lögð á ritun en fyrri ár. Nemendur skrifa lengri texta og kynnast mismunandi ritstílum. Þeir skoða til dæmis muninn á formlegu boðskorti og SMS-skilaboðum. Á vorönn skrifar hver nemandi bréf til sjálfs sín sem er sent heim í bréfpósti.

4. bekkur

Markmið og útfærsla náms ráðast ávallt af hæfnistigi hvers hóps.

Markmið	Námsgögn
• Auka orðaforða. • Þjálfa tjáningu. • Þjálfa hlustunarskilning. • Þjálfa lesskilning. • Þjálfa ritun. • Auka málvitund. • Vinna með málfræði og stafsetningu.	Reynt er að hafa námsgögn fjölbreytt og þannig að þau höfði til nemenda. • Fyrirlestrar. • Ýmis hefti útbúin af ÍSAT-kennurum. • Spil og leikir. • Vísur og söngtextar.

Skilningur í hlustun og lestri

Í 4. bekk er áfram lögð meiri áhersla á lesskilning en hlustunarskilning. Nemendur lesa lengri og flóknari texta og svara spurningum. Leitast er við að höfða til áhugasviða nemenda í textagerð eftir því sem við verður komið. Á vorönn velja nemendur sér viðfangsefni í samráði við ÍSAT-kennara og leita upplýsinga um það. Að upplýsingaöflun lokinni vinna þeir ritunarverkefni um viðfangsefnið.

Tjáning í töluðu og rituðu máli

Nemendur eru áfram hvattir til að tjá sig í hverjum tíma. Þeir æfa samskipti við aðra nemendur í verkefnavinnu og vinna með lengri texta og umfangsmeiri verkefni. Meðal annars vinna þeir verkefni þar sem hver nemandi kynnir sjálfan sig. Þeir skrifa upplýsingar um sig á veggspjald og kynna sig síðan með því. Mismunandi er milli hópa hvort kynningin fer fram í ÍSAT-tíma eða inni í bekk. Nemendur vinna einnig eins konar heimildarritgerð. Þeir velja sér viðfangsefni, lesa sér til um það og vinna síðan ritunarverkefni.

Móttökuáætlun

Nemendur með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

Skólaheimsókn og kynning

Nýir nemendur koma að öllu jöfnu í skólaheimsókn. Heimsóknirnar fara fram einstaklingslega eða í minni hópum. Að vori er einnig tekið á móti hópum eftir árgöngum. Í heimsóknunum er farið yfir helstu atriði sem tengjast skólanum og nemendur fara í skoðunarferð um hann.

Að hausti boðar umsjónarkennari foreldra á námsefnakynningu. Þar er meðal annars farið yfir verkefni vetrarins og til hvers er ætlast af foreldrum og nemendum. Ef þörf þykir eru foreldrar ÍSAT-nemenda boðaðir á sérstakan kynningarfund. Fagstjóri fjöltyngdra nemenda situr fundinn eftir þörfum. Þörf fyrir túlkaþjónustu er metin í hverju tilviki fyrir sig.

Í skólaheimsókninni og/eða á fundinum er meðal annars farið yfir:

- hvað nemendur þurfa að hafa með sér, svo sem íþrótta- og sundfatnað og nesti, og hvernig skráning í mataráskrift fer fram.
- útiföt.
- hvað skólinn útvegar.
- frístund.
- heimanám og skyldur foreldra.
- skóladaginn, skólareglur og skóladagatal.
- Mentor (námsframvindu, bekkjarlista og forfallaskráningu).

Foreldrum býðst aðstoð á skrifstofu skólans við að fylla út skólasamning og fá aðgang að Mentor.

Stöðumat og stuðningur

Fljótlega eftir að nemandi hefur nám leggur fagstjóri fjöltyngdra nemenda fyrir skimunina Milli mála II sem metur stöðu nemandans í íslensku. Áður en skimunin er lögð fyrir svara foreldrar spurningalista þar sem meðal annars er spurt um:

- námslega stöðu nemandans.
- tungumálabakgrunn fjölskyldunnar.

Út frá niðurstöðum er tekin ákvörðun um stuðningsþörf nemandans í íslensku. Þörf fyrir stuðning í öðrum námsgreinum er metin hverju sinni. Ef þörf er á nánari útskýringum á námslegri stöðu nemenda hefur umsjónarkennari eða fagstjóri fjöltyngdra nemenda samband við foreldra.

Ef þörf þykir er stöðumatið Stikum af stað lagt fyrir nemendur á sterkasta tungumáli þeirra.

Aðlögun og samskipti

Umsjónarkennari kynnir nemandann fyrir öðru starfsfólki og nemendum í bekknum.

Umsjónarkennari er í góðum samskiptum við foreldra og upplýsir þá um aðlögun nemandans.

Uppfært í október 2026